

Ákvörðun nr. 15/2023  
Miðvikudagurinn, 17. maí 2023

## Samruni Artasan ehf. og Matar og pökkunar ehf.

1. Þann 3. maí 2023 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna kaupa Artasan ehf. (hér eftir „Artasan“) á öllu hlutafé Matar og pökkunar ehf. (hér eftir „Matur og pökkun“), sbr. d. lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunatilkynningin var fullnægjandi og byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 4. maí 2023. Fyrir tilkynningu samrunans höfðu aðilar verið í samskiptum við Samkeppniseftirlitið og sent drög að samrunatilkynningu.
2. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem með fylgdu og aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði.
3. Í samrunaskrá segir að með kaupsamningi á milli Artasan og eigenda Matar og pökkunar kaupir Artasan 100% hlutafjár í Mat og pökkun. Markmið samrunans sé að víkka út rekstur Artasan með því að hefja innreið á nýja markaði, og auka þannig tekjustoðir félagsins.
4. Líkt og fram kemur í samrunaskrá er starfsemi samrunaaðila eftirfarandi:
  - a) Artasan annast innflutning, skráningu, markaðssetningu og heildsölu á samheitalyfjum, lausasölulyfjum og heilsuvörum í samvinnu við erlenda birgja. Artasan selur vörur til apóteka, sjúkrahúsa, hjúkrunarheimila, dagvöruverslana og bensínstöðva. Systurfélag Artasan, Distica ehf., sér um dreifingu á þessum vörum. Félagið er í 100% eigu Veritas ehf., sem er í fullri eigu Guðrúnarborgar ehf., sem er í eigu Stormtrés ehf., Trausttaks ehf. og Stjánks ehf. Eru síðastnefndu félögin öll eignarhaldsfélög sem hafa enga sjálfstæða starfsemi. Veritas móðurfélag Artasan fer með bein yfirráð yfir Stoð ehf., Vistor hf., Medor ehf. og Distica ehf.
  - b) Matur og pökkun hefur með höndum heildsölustarfsemi og sérhæfir sig í að flytja inn og dreifa ýmsum matvörum, einkum sælgæti, kexi, þurrkuðum ávöxtum og hnetum, en einnig öðrum vörum, s.s. þrifa- og rekstrarvörum. Seljendur eru tveir einstaklingar, sem samkvæmt kaupsamningi, eru einu eigendur félagsins.
5. Að mati samrunaaðila sé starfsemi Matar og pökkunar hrein viðbót við starfsemi Artasan en reynsla og þekking Matar og pökkunar muni nýtast vel við frekari uppbyggingu þeirrar starfsemi innan Artasan. Með samrunanum muni auk þess nást fram töluverð hagræðing í rekstri beggja félaga, einkum með samnýtingu á yfirstjórn, stoðþjónustu, dreifingu, húsnæði, upplýsingatækni o.fl.
6. Telja samrunaaðilar að markaðir málsins séu heildarmarkaður fyrir framleiðslu og/eða innflutning og heildsölu og dreifingu á dagvörum, ásamt hinum ýmsu undirmörkuðum aðfangamarkaðar. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 26/2021, *Samruni ÍSAM ehf., Ó. Johnson*



& Kaaber ehf. og Sælkeradreifingar ehf. taldi eftirlitið fullnægjandi að líta svo á að samrunaaðilar störfuðu á heildarmarkaði fyrir framleiðslu og/eða innflutning og heildsölu og dreifingu á dagvörum í víðum skilningi. Í máli þessu telja samrunaaðilar að landfræðilegi markaður málsins sé Ísland en í ljósi þess að vöruframboð aðila skarist ekki, hafi endanleg afmörkun markaða ekki áhrif á niðurstöðu málsins.

7. Samrunaaðilar telja að áhrif samrunans séu afar takmörkuð. Báðir aðilar hafi með höndum heildsölu og smásölu á dagvörumarkaði en Artasan, og önnur félög innan samstæðu Veritas, leggi áherslu á innflutning og heildsölu á heilsuvörum. Matur og pökkun flytji hins vegar inn og selji í heildsölu ýmsar hefðbundnar dagvörur, s.s. sælgæti, þrif- og rekstrarvörur, kex, þurrkaða ávexti og hnetur og fleira líkt og áður sagði. Því sé um samsteypusamruna að ræða sem almennt séu taldir hafa jákvæð samkeppnisleg áhrif í för með sér að sögn samrunaaðila.
8. Með vísan til fyrirliggjandi gagna og upplýsinga getur Samkeppniseftirlitið tekið undir sjónarmið samrunaaðila um mögulega vöru- og þjónustumarkaði málsins og sennileg takmörkuð áhrif samrunans á samkeppni. Telur Samkeppniseftirlitið að markaður fyrir innflutning og heildsölu á dagvörum sé afar fjölbreyttur og að mögulegt að skilgreina hvern vöruflokk sem sérstakan markað þegar staðganga á milli vöruflokka nýtur ekki við eða er takmörkuð. Fyrir eru mörg stæðileg fyrirtæki á markaði, s.s. Ó. Johnson & Kaaber ehf., Nathan & Olsen hf., Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf., Aðföng ehf. og Lindsay ehf. o.fl. sem og kaupendastyrkur dagvörukeðja að mati Samkeppniseftirlitsins á dagvörumarkaði sennilega mikill.<sup>1</sup>
9. Með vísan til fyrirliggjandi gagna og framangreindrar umfjöllunar fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að viðkomandi samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna og lýkur rannsókn eftirlitsins á fyrsta fasa.

#### Ákvörðunarorð:

**„Kaup Artasan ehf. á öllu hlutafé Matar og pökkunar ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

---

<sup>1</sup> Sjá umfjöllun í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 36/2021.